

## Samkomulag.

Kvartmíluklúbburinn, kt.: 660990-1199, Álfahellu, 220 Hafnafirði, hér eftir nefndur KK, og Ökukennarafélag Íslands, kt.: 420369-6709, Þarabakka 3, 109 Reykjavík, hér eftir nefnt ÖÍ, gera með sér eftirfarandi samkomulag um nýtingu Kvartmílubrautarinnar við Álfhelli í Hafnafirði sem aksturskennslusvæði fyrir ýmsar tegundir ökukennslu. Starfsemin takmarkast við alla virka daga ársins. Á mánudögum til fimmtudags skal kennslu lokið fyrir kl. 19:00 og á föstudögum fyrir kl. 16:00.

Markmið ÖÍ er að nýta umrætt svæði fyrir kennslu í Ökuskóla 3. Til að svo megi verða þarf að gera nokkrar lagfæringar á brautinni og leggja nýjar. ÖÍ mun standa straum af kostnaði við hönnun og framkvæmdir sem þarf til að framangreint markmið náist. Að þeim framkvæmdum loknum er félagsmönnum KK heimil notkun þeirra brauta utan þess tíma sem ÖÍ hefur svæðið til afnota. Þær framkvæmdir, sem ÖÍ greiðir fyrir, reiknast sem leiga fyrir afnot af svæðinu.

Stefna KK er að auka umsvif á svæðinu þar sem fleiri brautir skapa aukna möguleika á notkun svæðisins fyrir félagsmenn KK. Aukin umferð um svæðið mun einnig styrkja starfsemi KK.

Til að tryggja eðlilegt aðgengi allra þeirra, sem heimild hafa til notkunar svæðisins, mun ÖÍ greiða kostnað vegna rafstýrðs hliðs sem verður komið upp við innkeyrslu á svæðið. Hliðið verður hægt að opna gegnum farsíma þeirra sem hafa aðgang að svæðinu.

Gert er ráð fyrir að bæjaryfirvöld í Hafnafirði veiti samþykki sitt fyrir þeirri stefnu sem mörkuð er með samkomulagi þessu, það er: Samstarfi KK og ÖÍ um nýtingu umrædds svæðis til framangreindra nota. Það samþykki gæti verið fólgið í áritun á samkomulagsskal þetta eða með sérstöku bréfi þar um. Þegar allir þrír framangreindir aðilar hafa samþykkt stefnu þá er fram kemur í samkomulagi þessu telst vera staðfestur bráðabirgðasamningur um samstarfið.

Gangi framangreind atriði eftir skal stefnt að því að innan tveggja ára verði gerður frekari samningur um samstarf KK og ÖÍ þar sem nánar verði fjallað um einstaka þætti samstarfsins. Gert er ráð fyrir því að sá samningur verði til 30 ára og sé framlengjanlegur með auðveldum hætti.

Gert er ráð fyrir að samþykki bæjaryfirvalda í Hafnafirði varðandi samkomulag þetta sé nægjanlegt sem samþykki fyrir varanlegum samstarfssamningi KK og ÖÍ.

Samkomulag þetta er gert í þrem samhljóð eintökum.

Hafnafirði ,???????

F.h. Kvartmíluklúbbsins

F.h. Ökukennarafélags Íslands

-----  
Samþykki bæjaryfirvalda Hafnafjarðar.  
-----